

Föstudaginn 1. febrúar 1985.

Nr. 71/1983. **Ólafur Baldursson**

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Þorsteini Sigurðssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Lausafjárkaup. Skaðabætur. Gallar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 25. mars 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s.m. Hann krefst aðallega sýknu af öllum dómkröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara gerir áfrýjandi þá kröfu, að stefnda verði dæmd mun lægri fjárhæð en í héraði og að málskostnaður falli niður fyrir báðum dómum.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit bókunar, sem gerð var á bæjarþingi Reykjavíkur 28. janúar sl., en þá gáfu skýrslur til afnota í máli þessu áfrýjandinn og Erling Sigurlaugsson bifvéla-virkjameistari.

Áfrýjandi tók fram, að stefnda hefði verið ljóst, þegar stefndi keypti bifreiðina R 22549 af áfrýjanda 14. apríl 1981, að hún hefði verið notuð til leiguaksturs í rúmlega 2 ár og ekið rúmlega 100.000 km. Þá kvað áfrýjandi það hafa komið fram við kaupin, að „það var nýlega búið að gera lítilsháttar við vélina að ofanverðu“. Taldi hann, að skipt hefði verið um rokkerarma hjá Erling Sigurlaugssyni. Ekki sagðist áfrýjandi hafa orðið var við aukahljóð í bílvélinni, áður en selt var. Hann ítrekaði, að hann teldi óvíst, að vélarhlutar þeir, sem matsmenn skoðuðu, væru úr R 22549.

Erling Sigurlaugsson kvaðst hafa framkvæmt viðgerðir á R 22549. Hann taldi, að slit það sem matsmenn lýsa eins og rakið er í héraðsdómi hefði komið fram í fleiri vélum af sömu gerð og var í R 22549.

Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi, eins og hann gerði fyrir héraðs-dómi, haldið því fram, að ekki sé fram komið, að vél R 22549 hafi, þegar stefndi keypti bifreiðina, verið meira slitin eða að öðru leyti í því ástandi, að það hefði átt að koma stefnda á óvart. Ekki verður í þessu sambandi á það fallist með áfrýjanda, að óvíst sé, að þeir vélarhlutar, sem matsmönnum voru sýndir, hafi verið úr vél þessarar bifreiðar. Ekki verður heldur á það fallist, að hugsanleg notkun bifreiðarinnar milli afhendingar og þess tíma, er stefndi kveðst hafa orðið galla var, skipti hér máli. Verður um þetta hvort tveggja að byggja á matsgerð og svörum matsmanna fyrir dómi.

Af skýrslum beggja málsaðilja verður ráðið, að þeir hafi, þegar þeir sömdu um bifreiðarkaupin, rætt um viðhald bifreiðar, meðan áfrýjandi átti hana. Sönnun brestur þó fyrir því, að áfrýjandi hafi ábyrgst, að tilteknir vélarhlutar, aðrir en rokkerarmar, hafi verið nýviðgerðir eða nýlega endurnýjaðir.

Byggja verður á því áliti dómkvaddra matsmanna og sérfróðra meðdómenda, að bílvélin hafi verið haldin verulegum göllum, þegar hún var seld, og að stefndi (kaupandi) hafi ekki mátt gera sér grein fyrir því við þá skoðun, sem hann framkvæmdi. Þykir því verða að staðfesta hinn áfrýjaða dóm skv. 42. gr., 2. mgr., kaupalaga nr. 39/1922.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 15.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Áfrýjandi, Ólafur Baldursson, greiði stefnda, Þorsteini Sigurðssyni, 15.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. október 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 12. október 1982, er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Þorsteini Sigurðssyni, nnr. 9755-6091, Bræðraborgarstíg 10, Reykjavík, gegn Ólafi Baldurssyni bifreiðastjóra, nnr. 6743-4870, Rjúpufelli 27, Reykjavík, með stefnu, birtri 20. apríl 1982.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 29.594,70 með 39% ársvöxtum frá 2. september 1981 til stefnubirtingar, en síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í., þ.m.t. matskostnaður samkvæmt framlögðum reikningum.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður að mati dómsins, en til vara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að stefndi beri bótaábyrgð gagnvart sér vegna þess, að bifreiðin R-22549, sem stefnandi keypti af stefnda, hafi ekki verið þeim kostum búin, sem áskilið hafi verið, er kaupin fóru fram.

Af hálfu stefnanda er málsatvikum þannig lýst, að með afsali, dags. 14. apríl 1981, hafi stefnandi keypt af stefnda bifreiðina R-22549, sem var af gerðinni Rover 3500, árgerð 1978. Við kaupin hafi það komið fram af hálfu stefnda, að efri hluti vélarinnar í bifreiðinni hafði verið upptekin og sjálfskipting væri í góðu lagi. Einnig hafi það komið fram hjá stefnda, að knastás væri í góðu lagi. Í ágúst 1981 hafi farið að bera á göllum í sjálfskiptingu, og tók þá stefnandi sjálfskiptinguna og vélina úr bifreiðinni og höfðu þá bönd, diskar og öxull reynst vera ónýtt. Hafi stefnandi skipt um þetta ásamt öllum þéttingum. Þar sem vélin hafi verið komin úr, hugðist stefnandi þá einnig skipta um legur í henni, en þá hafi komið í ljós, að tveir höfuðlegubakkar hafi verið lausir og blokkinn sprungin á þremur stöðum út úr boltagötum. Hafi þá vélina öll verið tekin í sundur og hafi þá fleiri gallar komið í ljós, þ. á m. reyndist knastás ónýtur svo og ýmislegt fleira. Hafi stefnandi kvartað undan þessu við stefnda, en hann hafi neitað allri þátttöku í viðgerðarkostnaði. Því hafi verið dómkvaddir matsmenn til að skoða hina meintu galla. Í matsgjörð þeirra komi fram, að knastás væri mjög slitinn og vélarblokk sprungin við höfuðlegusæti út frá festibolta á höfuðlegum nr. 2 og nr. 3, og höfðu legubakkar snúist á í höfuðlegu nr. 2. Einnig hafi verið sprunga í höfuðleguklafa nr. 4. Við matsskoðun upplýstist, að vélina hefði ekki verið tekin upp, nema rokkerarmar höfðu verið teknir af vélinni og skipt um nokkra þeirra. Hafi matsmenn metið viðgerðarkostnað samtals kr. 29.594,70.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að hann hafi keypt bifreiðina í tilteknu ástandi, þ.e. efri hluti vélarinnar hefði verið upptekinn, sjálfskipting hefði verið stillt og knastás væri í góðu lagi. Hér hafi verið um áskilda kosti að ræða, sem þegar til kom reyndust eigi vera fyrir hendi. Ber stefndi bóta-

ábyrgð, þegar slíkt bregst, eins og hér hafi átt sér stað. Er vísað í þessu efni til 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að stefnandi hafi við kaupin kynnt sér ástand bifreiðarinnar R-22549 og standi í afsali, að hann hafi sætt sig við það. Þegar sú yfirlýsing sé metin, sé rétt að hafa í huga, að stefnandi sé kunnugur bifreiðum, enda reki hann bifreiðaverkstæði, þótt ekki hafi hann iðnréttindi. Mátti hann því vel geta gert sér grein fyrir ástandi bifreiðarinnar, en rétt sé að geta þess ennfreður, að stefndi sé leigubifreiðastjóri og hafði notað bifreiðina til atvinnu sinnar og hafi stefnanda verið þetta kunnugt.

Sýknukrafan er ennfreður á því byggð, að ósannað sé, að hlutir þeir, er sýndir voru matsmönnum, er mat fór fram, hafi verið úr R-22549, en bifreiðin hafi verið til viðgerðar á verkstæði stefnanda og búið hafi verið að rífa vélina í sundur. Ef talið verði, að vélarhlutarnir séu úr vélinni, sé því haldið fram, að slit þeirra sé ekki meira en eðlilegt sé miðað við bifreið, sem ekið hafi verið eins og bifreiðinni R-22549, (sic) og því jafnframt haldið fram, að ekki sé hægt að rekja það til atvika, er stefndi beri ábyrgð á, þótt bolti í höfuðleguklossa hafi losnað. Því sé mótmælt, að stefndi hafi gefið yfirlýsingar um ástand vélarinnar og sjálfskiptingarinnar, er stangist á við niðurstöðu matsins.

Þá sé ennfreður bent á, að verð bifreiðarinnar hafi verið í samræmi við mikinn akstur hennar.

III.

Stefnandi málsins, Þorsteinn Sigurðsson, hefur komið fyrir dóm í máli þessu og gefið skýrslu svo og matsmennirnir Bent Jørgensen og Sigurgestur Guðjónsson. Stefndi, Ólafur Baldursson, hefur hvorki gefið skýrslu fyrir dómi né lagt fram aðiljaskýrslu sína í málinu.

Stefnandi, Þorsteinn Sigurðsson, skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði lítið fengist við vélaviðgerðir og hefði ekki fagmenntun til þess. Er hann keypti bifreiðina R-22549 hefði verið talað um, að efri hluti vélarinnar væri upptekin, þ.e. átt hefði verið við ventla og undirlyftur. Kvaðst stefnandi hafa spurt sérstaklega um knastás vélarinnar og hefði stefndi sagt, að hann væri í góðu lagi, en knastásinn hefði svo reynst vera ónýtur. Þá hefði verið tekið fram, að sjálfskipting væri yfirfarin og stillt. Varðandi skoðun sína á vél bifreiðarnar við kaupin kvaðst stefnandi hafa gangsett bifreiðina og hlustað á gang vélarinnar, en ekki orðið var við neitt óeðlilegt. Stefnandi sagði, að við kaupin hefði komið fram, að búið væri að aka bifreiðinni 113.000 km, og sig minnti, að það hefði staðið á söluspjaldinu, sem var í bifreiðinni.

Stefnandi kvaðst ekki hafa orðið var við neitt óvenjulegt varðandi

vinnslu vélar og gang og ekki orðið var við neina breytingu á ástandi vélarinnar. Það eina, sem stefnandi kvaðst hafa orðið var við, var, að smurbrýstingur hafi verið lágur allan tímann. Stefnandi kvaðst ekki hafa gert sér ljóst ástand vélarinnar og ekki merkt neitt óvenjulegt á gangi hennar. Stefnandi kvaðst hafa ekið bifreiðinni á að giska 2000 til 3000 km, áður en hann tók vélina úr. Stefnandi tók fram, að hraðamælir hafi verið óvirkur frá því að hann keypti bifreiðina og km-staða því óbreytt, er matsmenn framkvæmdu skoðun sína.

Varðandi galla í sjálfskiptingu tók stefnandi fram, að þeir hefðu fljótlega komið fram og lýst sér þannig, að skiptingin hafi hlaupið á milli gíra. Stefnandi kvaðst ekki hafa kvartað við stefnda út af sjálfskiptingunni áður en vél bifreiðarinnar var tekin í sundur, og kvaðst í fyrstu hafa verið sáttur við það að gera við sjálfskiptinguna fyrir eigin reikning.

Vitnin Bent Jørgensen og Sigurgestur Guðjónsson, sem hafa skoðað og metið til peningaverðs galla á vél bifreiðarinnar R-22549, hafa komið fyrir dóm og staðfest matsgjörð sína.

Vitnið Bent Jørgensen skýrði frá því fyrir dómi, að ekki hefði þurft að heyrast mikið í vélinni þrátt fyrir ásigkomulag hennar. Vitnið taldi þá vélarhluti, sem matsmenn skoðuðu á skoðunarstað, ófað vera úr vél bifreiðarinnar. Vitnið upplýsti, að þegar vél sé tekin upp, þá sé hún tekin í sundur og skipt um slitfleti. Varðandi vél bifreiðarinnar R-22549 þá hafi legur verið ónýtar, sveifarás mjög mikið slitinn, ekkert hafi verið átt við þessa hluti, hvorki stimpla né annað, en átt hafi verið við rokkerarma í sambandi við ventlana í efri hluta vélarinnar. Vitnið kvað það hafa komið sér mjög á óvart, hve vélin var mikið slitin, hún hafi verið gersamlega útkeyrð, undirlyftur, ventlar og stýringar, allt gjörsamlega útslitnið. Vitnið kvað það ekki hafa komið fram á matsstað, hve mikið vélin var keyrð, en ástand hennar hafi verið óvenjulega slæmt miðað við 113.000 km akstur.

Vitnið Sigurgestur Guðjónsson taldi ekki líklegt, að ástand vélarinnar hafi átt að heyrast á gangi hennar eða vinnslu, og það þurfi ekki að vera merkjanlegt á gangi vélar, þótt aðalbolti sé laus. Varðandi þá vélarhluti, sem matsmenn skoðuðu á matsstað, kvaðst vitnið hafa talið, að þeir væru úr vélinni, enda hefði því ekki verið mótmælt á staðnum, að svo væri. Vitnið kvað það ekki hafa komið fram, hve mikið væri búið að aka bifreiðinni. Vitnið kvaðst telja ástand vélarinnar óvenjulega slæmt miðað við 113.000 km akstur, hún væri mikið slitin og illa farin.

Í matsgjörð hinna dómkvöddu matsmanna, sem lögð hefur verið fram í málinu segir svo um vél og sjálfskiptingu bifreiðarinnar R-22549:

„Við skoðun á vélinni kom í ljós eftirfarandi:

1) Knastás (undirlyftuás) mjög slitinn (ónýtur).

- 2) Undirlyftur, rokkerarmar, rokkerarmásar, ventlar og ventilstýringar. Endurnýja þarf alla þessa hluti.
- 3) Vélarblokk sprungin við höfuðlegusæti út frá festibolta á höfuðlegum no.2 og no.3 og höfðu legubakkar snúist í á höfuðlegu no. 2, einnig var sprunga í höfuðleguklafa no. 4.

Matsmenn telja að gera megi við vélarblokkina svo hún verði nothæf ásamt leguklossanum. Kostnaður við að gera við vélina teljum við vera eftirfarandi:

Efni:	Knastás	kr.	3.715.00
	Undirlyftur 16 stk.	—	1.700.00
	Rokkerarmar 16 stk.		
	Rokkerarmaðxlar 2 stk.	—	2.800.00
	Ventlar 16 stk.	—	978.00
	Ventilstýringar 8 stk.	—	360.00
	Höfuðlegur	—	298.00
	Stimpilstangarlegur	—	140.00
	1 sett stimpilhringir	—	410.00
	1 tímakedja	—	180.00
	Pakkningasett	—	608.00
	Tímahjól	—	103.00
	Rennð ventslæti 16 sæti kr. 18 pr. sæti	—	288.00
	Olíusía	—	22.00
	Kveikjuás ásamt öxli	—	220.00
	Viðgerð á vélarblokk, suða ca	—	1.800.00
	Viðgerð á vélarblokk, fræsa höfuðlegur ca	—	1.500.00
		kr.	15.122.00
Vinna:	Vinna v/upptekningu á vél ásamt að taka úr og setja í bifreiðina		
	Vinna 75 klst. á kr. 110	kr.	8.250.00
	Hreinsun og fleira	—	300.00
	Trygging	—	120.00
		kr.	8.670.00
	Efni samtals kr.	kr.	15.122.00
	Vinna samtals	—	8.670.00
		kr.	23.792.00

Beiðst er að matsmenn segi til um orsök gallanna í vélinni og láti í ljós álit á því hvort viðkomandi vél hafi verið tekin upp eins og fyrir er lýst.

Um það vilja matsmenn segja eftirfarandi:

Bolti hefur losnað í einum höfuðleguklossanum og mátti sjá það á boltanum, það gæti verið frumorsök fyrir skemmdum á blokkinni. Varðandi aðra hluti sem slitnir eru verður ekki séð nein sérstök ástæða fyrir ástandi þeirra, heldur aðeins um mikið slit að ræða. Við matsskoðun upplýstist að mótörinn hafði ekki verið tekinn upp nema rokkerarmar höfðu verið teknir af vélinni og skipt um nokkra þeirra.

Matsmenn báru saman númer á vélarblokk og skoðunarvottorði og sýndi það að vélin, sem skoðuð var, var úr bifreiðinni R-22549.

Búið var að gera við sjálfskiptingu úr bifreiðinni og var hún á staðnum, sýndir voru hlutir sem að sögn hafði verið skipt um sem voru samkvæmt framlögðum nótum og öðrum upplýsingum. Var efni og vinna til viðgerðar á sjálfskiptingunni eftirfarandi:

Efni samtals	kr. 2.398.70
Vinna 23 tímar 148.00	— 3.404.00
	Kr. 5.802.70“

Í yfirlýsingu vitnisins Gunnars Berg Gunnarssonar, sölumanns á Aðal-Bílasöluinni, dags. 27. ágúst 1981, sem lögð hefur verið fram í máli þessu, kemur fram, að við kaup á bifreiðinni R-22549 í apríl 1981 hafi komið fram af hálfu seljanda, Ólafs Baldurssonar, að efri hluti vélar bifreiðarinnar væri nýupptekinn og sjálfskiptingin yfirfarin og stillt.

Greint vitni, sem mun vera búsett á Akureyri, kom ekki fyrir dóm í málinu.

Dómendur og lögmenn aðilja skoðuðu vél og vélarhluta bifreiðarinnar R-22549, sem til staðar voru að Hringbraut 119, Reykjavík. Þar á staðnum upplýsti stefnandi, að hann hefði selt bifreiðina og með annarri vél, sem hann hefði keypt í hana.

IV.

Svo sem fram er komið og rakið hefur verið, er í máli þessu deilt um bótaábyrgð stefnda vegna þeirra galla, sem fram komu í sjálfskiptingu og vél bifreiðarinnar R-22549, sem stefnandi keypti af stefnda með afsali, dagsettu 14. apríl 1981.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að bifreiðin hafi verið keypt með áskildum kostum að því er varðar vél og sjálfskiptingu, sem ekki hafi reynst vera fyrir hendi, auk þess sem vélin hafi reynst vera með ýmsum fleiri göll-

um, er matsskoðun hafi leitt í ljós. Er stefnukrafan byggð á viðgerðarkostnaði sjálfskiptingar og vélar samkvæmt mati dómkvaddra manna að því er vélina varðar.

Bifreið sú, er hér um ræðir, er af gerðinni Rover 3500 árgerð 1978 og var notuð í leigubifreiðaakstri af hálfu stefnda.

Fram er komið, að er kaupin fóru fram, hafi stefnandi talið, að búið væri að aka bifreiðinni 113.354 km.

Upplýst er, að vél bifreiðarinnar hafi ekki verið tekin upp, en rokkerarmar höfðu verið teknir af vélinni og skipt um nokkra þeirra.

Samkvæmt samdóma áliti beggja matsmanna og hinna sérfróðu meðdómenda var ástand vélarinnar úr bifreiðinni R-22549 mjög slæmt og vélin óeðlilega mikið slitin miðað við liðlega 113.000 km akstur, og var hún nánast útkeyrð. Báðir matsmennirnir lýstu þeirri skoðun sinni, að slíkt ástand vélar þurfi ekki að heyrast á gangi hennar, og er það einnig álit hinna sérfróðu meðdómenda. Eigi verður talið, að stefnandi hafi mátt gera sér grein fyrir ástandi vélarinnar að þessu leyti, er hann skoðaði bifreiðina og gangsetti, þá er kaupin fóru fram, enda gat slík almenn skoðun eigi leitt í ljós þá galla, sem á vélinni reyndust vera. Verður því að líta svo á að með hinni slitnu vél hafi bifreiðin R-22549 verið haldin leyndum galla og ekki þeim kostum búin, er stefnandi mátti ætla, að hún hefði, er hann keypti bifreiðina, og beri stefndi af þeim sökum bótaábyrgð gagnvart stefnanda, enda beri að skýra vafaatriði í þessu sambandi stefnda í óhag, sem eigi gaf aðiljaskýrslu í málinu þrátt fyrir áskilnað þar um.

Ekkert hefur komið fram í málinu, sem bendir til þess, að söluverð bifreiðarinnar hafi verið óeðlilega lágt, og verður því við það miðað, að söluverðið hafi verið nálægt almennu markaðsverði.

Ekki þykir skipta máli varðandi bótaábyrgð stefnda í þessu sambandi, þótt hann hafi endurselt téða bifreið, enda liggur ekki fyrir, að sú endursala hafi dregið út tjóni hans.

Að því er bótakröfu vegna sjálfskiptingar varðar, þá er fram komið, að stefnandi gerði stefnda ekki viðvart um það, er galla varð vart í sjálfskiptingu bifreiðarinnar, og gerði við hana án þess að gefa stefnda kost á því að athuga téða galla. Þá hefur stefnandi lýst því yfir fyrir dómi, að hann hafi í upphafi ekki ætlað að setja fram kröfu á hendur stefnda vegna þessa. Að þessu virtu þykja ekki efni til að taka til greina kröfu stefnanda um bætur vegna galla í umræddri sjálfskiptingu, sbr. 52. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922.

Til grundvallar bótum vegna þeirra galla, sem á vél bifreiðarinnar reyndust vera, þykir mega leggja mat hinna dómkvöddu matsmanna, enda hefur því mati ekki verið hnekt. Taka ber fjárhæð matsgerðar að þessu leyti til greina með fullri krónutölu, enda er ekki gert ráð fyrir endurbygg-

ingu vélarinnar með mati þessu, heldur er um að ræða viðgerð á þeim ágöllum, sem lýst er í matsgjörð og sem ollu því, að vélin var í því slæma ástandi, sem lýst hefur verið. Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 23.792,00 auk vaxta í samræmi við kröfugerð stefnanda, en þó þannig, að tildæmd fjárhæð skal bera 34% ársvexti frá 2. september 1981 til stefnubirtingardags, 20. apríl 1982, en 39% ársvexti frá þeim degi til dómsuppsögudags, 22. október 1982, en síðan hæstu lögleyfðu innlánsvexti, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 8.000,00.

Dóm þennan kváðu upp Eggert Óskarsson borgardómari, formaður dómsins, og meðdómendurnir Finnbogi Eyjólfsson og Jan Jansen bifvéla-virkjameistarar.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ólafur Baldursson, greiði stefnanda, Þorsteini Sigurðssyni, kr. 23.792,00 með 34% ársvöxtum frá 2. september 1981 til 20. apríl 1982, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 22. október 1982 og með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 8.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. febrúar 1985.

Nr. 247/1982. **Nýborg h/f**

(Tómas Gunnarsson hrl.)

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)

Áfrýjunarfrestur. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddson og Sigurgeir Jónsson.